

Selfoss 13.apríl 2023

Starfsár Suðurlandsdeildar Félagsráðgjafafélags Íslands 2022-2023

Suðurlandsdeild var með gagnlegan, fræðandi og skemmtilegan félagsráðgjafadag í byrjun febrúar 2023 sem stóð frá 10:00-16:00.

Milli 25-30 félagsráðgjafar mættu og voru með kynningar á sínum stöfum, þeirri þjónustu sem hver eining/stofnun er að veita, umsvifum, helstu áskorunum og leiðum til samvinnu. Einnig var góð kynning á stöðu innleiðingar á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Almennt voru allir sammála um gagnsemi og mikilvægi þess að hittast og fá þær upplýsingar sem komu fram en ekki síður að hittast til að styrkja tengslin á milli.

Einnig voru allir sammála um að slíkur dagur þyrfti að vera að minnsta kosti 1-2x á ári og er fyrirhugað að halda næsta félagsráðgjafadag í Vestmannaeyjum.

Boðið var upp á hollan og góðan hádegisverð og sótt um styrk til Félagsráðgjafafélags Íslands til að standa straum að kostnaði dagsins.

Hópurinn er með facebook síðu sem notuð er bæði fyrir fræðslufni, skemmtiefni, starfsauglýsingar, hvatningar, hrós og ýmislegt annað. Virknin er góð á síðunni og gagnlegur vettvangur til að halda góðum tengslum.

Það er mitt mat sem tengiliðs fyrir þennan hóp að það sé mikilvægt fyrir okkur að hittast og eiga í þessum samskiptum til að efla þekkingu okkar á þeim úrræðum og þjónustu sem er veitt á Suðurlandi. Tengslin auðvelda samtalið og eykur skilvirkni í þjónustu á milli kerfa.

Fyrir hönd Suðurlandsdeildar,
Svanhildur Ólafsdóttir, félagsráðgjafi.